

## **Stofnanapáttur kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og lögreglustjórans í Reykjavík (LR)**

Félag íslenskra náttúrufræðinga annars vegar og lögreglustjórinn í Reykjavík hins vegar gera með sér stofnanasamning um forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 18. mars 2005 með gildistíma frá 1. mars 2005 til 30. apríl 2008.

### **1. Gildissvið**

Samkomulag þetta nær til félagsmanns í Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem starfar hjá lögreglunni í Reykjavík.

### **2. Meginmarkmið**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- c. að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið um að fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun
- d. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan lögreglunnar í Reykjavík

### **3. Starfaflokkun**

#### **3.1 Almennar forsendur**

Störfum skal ráðað í launaramma í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu eða viðvarandi verksvið og þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Ráða skal í launaflokk í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt sé að þeir njóti jafnræðis. Taka skal mið af launum náttúrufræðinga sem starfa á opinberum stofnunum og þeim kjörum sem gilda fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Við grunnröðun í launaflokka skal miðað við að um sé að ræða viðvarandi verksvið. Til viðbótar koma persónubundnir þættir og starfsreynsla.

#### **3.2 Starfsheiti og grunnröðun í launaflokka**

##### *Sérfræðingur 1*

Náttúrufræðingur án starfsreynslu. Starfar undir daglegum leiðbeiningum annars sérfræðings. að afmörkuðum verkþáttum .s.s. öflun og úrvinnsla gagna  
Eftir 12 mánuði í starfi hjá stofnun eða í skyldum störfum flyst starfsmaður í sérfræðing 2.  
Grunnröðun lfl. 2

##### *Sérfræðingur 2.*

Náttúrufræðingur sem starfar við almenn sérfræðistörf og vinnur að einu verkefni eða fleiri smærri verkefnum í samvinnu við aðra sérfræðinga. Hefur ekki fag-, manna- eða fjárforráð.

RB A f. stl.

Grunnröðun lfl. 5

#### *Verkefnisstjóri*

Starfið felst fyrst og fremst í að stjórna viðamiklu verkefni á sértæku fagsviði, sjá um gæðastýringu á fagsviði og veita leiðbeiningar og ráðgjöf innan og utan stofnunar. Verkefnisstjóri hefur samstarf við stofnanir, ráð og nefndir utan- og innanlands er varðar viðkomandi fagsvið. Hann tekur þátt í þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann. Grunnröðun lfl. 12.

#### *Deildarstjóri*

Starfið felst fyrst og fremst í að stjórna og samhæfa starfsemi deildar og felur í sér fag-, fjár- og/eða mannaforráð. Deildarstjóri hefur samstarf við stofnanir, ráð og nefndir utan- og innanlands er varðar viðkomandi deild. Grunnröðun lfl. 15

#### *Sviðsstjóri*

Starfið felst í stjórnun sviðs, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Í starfinu felst að koma fram fyrir hönd stofnunar vegna málaflokka á viðkomandi sviði. Grunnröðun lfl. 18.

### **Yfirlit yfir grunnröðun starfsheita**

<b>Starfsheiti</b>	<b>Grunnlaunaflokkur</b>
Sérfræðingur 1	02
Sérfræðingur 2	05
Verkefnisstjóri	12
Deildarstjóri	15
Sviðsstjóri	18

### **4. Aðrir þættir sem taka skal mið af við röðun einstaklinga í launaflokka**

Eftirtaldir þættir einstaklingsbundnir eða starfsbundnir gefa röðun umfram það sem kemur fram í grunnröðun starfa í 3. kafla. Sé eftir því óskað skal leggja fyrir samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna hér að neðan (4.1-4.4) er verið að taka tillit til við röðun umfram grunnröðun.

#### **4.1 Menntun**

*Mat á formlegri framhaldsmenntun:*

Formleg framhaldsmenntun skal metin með eftirfarandi hætti umfram grunnröðun starfsheita í launaflokka.

	<u>Fjöldi launaflokka</u>
Lögregluskólinn	1
BS-honor (120 einingar) eða hliðstæð menntun	1
MS-próf eða hliðstæð menntun	2
Ph.D-próf eða hliðstæð menntun	4

#### **4.2 Starfsreynsla**

Fagleg starfsreynsla er skilgreind sem samanlögð vinna starfsmanns við sitt fræðasvið óháð vinnustað. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu.

BBB @ plutt

Starfsreynsla; eftir 2 ár hjá viðkomandi stofnun bætist við 1 lfl.  
Starfsreynsla; eftir 5 ár hjá viðkomandi stofnun bætist við 1 lfl. til viðbótar  
Fagleg starfsreynsla eftir 3 ár bætist við 1 lfl.  
Fagleg starfsreynsla eftir 7 ár bætist við 1 lfl. til viðbótar

#### 4.3 Starfsbundnir þættir

Til viðbótar þeirri launaröðun sem að framan er lýst geta eftirtaldir starfsbundnir þættir leitt til hækkunar launa náttúrufræðinga sbr. kafla 8. Hver liður er metinn til 1-2 launaflokka.

1. Aukin ábyrgð tengd starfaskipulagi
2. Aukið umfang verkefna
3. Skilgreint aukið álag, viðvarandi eða árstíðabundið

#### 4.4. Einstaklingsbundnir þættir

Til viðbótar þeirri launaröðun sem að framan er lýst geta eftirtaldir einstaklingsbundnir þættir leitt til hækkunar launa náttúrufræðinga sbr. kafla 8. Hver liður er metinn til 1-2 launaflokka.

1. Árangur í starfi og færni
2. Sértek reynsla
3. Frumkvæði í starfi
4. Samstarfshæfni
5. Geta til að halda verkefnum innan tímaáætlana.

### 5. Árangurstengt matskerfi

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi greiðslur til starfsmanna á formi yfirvinnutíma. Aðeins er greitt fyrir þætti, s.s. skriftir og fyrirlestra, frumsamda, sem eru á fagsviði stofnunar og eru með samþykki yfirmanns og í nafni stofnunarinnar.

A. Skriftir, frágangur verkefna	Tímajöldi
Blaðagreinar	15
Innlend rit	20
Innlend rit (ritrýnd)	40
Erlend rit (ritrýnd)	50-70
Annað sem samkomulag verður um	10-20

### 6. Sérstakt álag

Starfsmaður er reiðubúinn að koma á vettvang þegar óskað er og fær greitt fyrir það með bakvaktarálagi samkvæmt sérstökum samkomulagi á milli aðila. Hið sama gildir um fasta yfirvinnutíma vegna útkalla.

### 7. Tímabundin frávik frá verksviði

Vinni starfsmaður að tímabundnu verkefni sem felur í sér meira álag, umfang og/eða ábyrgð en gert er ráð fyrir og starfsmaður telur eðlilegt skal hann ræða við næsta yfirmann sem metur hvort hækka beri laun meðan á því stendur. Greitt verður samkvæmt sérstökum samningi sem aðilar gera með sér um verkefni.

RB S flutt.

### 8. Endurmat starfskjara

Að minnsta kosti einu sinni á ári skulu störf starfsmanns/starfskjör metin og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækkunar á röðun hans innan ramma skv. 4. og 5. grein og með tilliti til þess hvort starf skuli fært til annars starfsheitis (starfaflokks).

### 9. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum hafi ekki verið rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar, skv. 11. grein kjarasamnings.

### 10. Endurskoðunarákvæði.


Aðilar eru sammála um að endurskoða ákvæði þessa samnings ef þörf krefur og/eða annar aðili óskar þess. Verði breyting á starfsemi stofnunar eða meginverkefnum hennar skal gerð nauðsynleg endurskoðun á röðunarreglum samningsins.

### 11. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík, 24. nóv. 2006

F.h. Lögreglunnar í Reykjavík

  
Batvaer Bogason

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

